



ÖKUKENNARAFÉLAG ÍSLANDS

ISLANDS TRAFIKSKOLE UNION / THE ICELANDIC UNION OF DRIVING SCHOOLS ASSOCIATIONS

Alþingi
b.t. Samgöngunefndar,
Frú Guðfríður Lilja Grétarsdóttir formaður,
Alþingishúsinu við Austurvöll,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 141/134
komudagur 16.10.2012

Reykjavík, 4. október 2012,

**Varðar: Frumvarp til laga um ný umferðarlög, frumvarp 179/2012.
Umsögn Ökukennarafélags Íslands.**

1. Inngangur.

Eftir að tillögur nefndar Innanríkisráðuneytisins um breytingar á umferðarlögum voru kynntar hefur verið mikil umræða innan Ökukennarafélags Íslands um þær tillögur. Umræðan magnaðist síðasta vetur eftir að frumvarp byggt á vinnu nefndarinnar var lagt fram á Alþingi.

Í sumar var lagst yfir frumvarpið af hálfu stjórnar ÖÍ. með þátttöku ökukennara og stefna mótuð til frumvarpsins og þeirra hugmynda sem nefnd Innanríkisráðherra lagði til og endurspeglast í frumvarpinu. Á fundi stjórnar hinn 7. september sl. var málið frekar rætt á grundvelli athugasemda frá einstökum ökukennurum og tillögur ÖÍ mótaðar til frumvarpsins.

Innanríkisráðuneytinu var sent bréf hinn 4. september sl. og farið fram á að ákveðnar breytingar yrðu gerðar á frumvarpinu áður en það yrði lagt fram á Alþingi á nýjan leik. Það var niðurstaða innanríkisráðherra að láta Alþingi fjalla um þær tillögur sem og aðrar sem umsagnaraðilar sem og lýðræðislega kjörnir þingmenn vildu gera á frumvarpinu.

2. Umsögn um breytingartillögur

Eins og fram kemur í 62. gr. fyrirliggjandi frumvarps er lögð til sú grundvallarbreyting á fyrirkomulagi ökukennslu hér á landi að hún fari fram í ökuskólum og ökugerðum sem til þess hafa hlotið starfsleyfi Umferðarstofu. Þannig er að meginstefnu til horfið frá því fyrirkomulagi að ökukennsla verði á forræði og ábyrgð hvers einstaks ökukennara fyrir sig og það verði verkefni ökuskóla að annast allt ökunám, bæði hinn bóklega og verklega hluta.

Ökukennarar eru fylgjandi þeirri stefnu að auka bóklega þátt ökunámsins og telja nauðsynlegt að hluti námsins fari fram í ökugerði þar sem ökunemum er kennt undir

handleiðslu faglærðra ökukennara að bregðast við aðstæðum. Það er hins vegar samdóma álit félagsmanna Ökukennarafélags Íslands að gæði námsins felist ekki eingöngu í því að kunna skil á hinum bóklega hluta og að þungamiðja námsins eigi að vera, eins og verið hefur, að ökunemi öðlist færni við raunverulegar aðstæður undir handleiðslu faglærðs ökukennara. Áherslan í ökunáminu á því að liggja á hinum verklega hluta ekki síður en hinum fræðilega.

Eins og frumvarpið blasir við ökukennurum er ekki aðeins verið að leggja til að ökukennarar verði starfsmenn ökuskóla heldur er einnig verið að draga úr vægi þeirra við ökukennslu. Sjálfstæði og ábyrgð ökukennara er m.ö.o. vikið til hliðar og þeir gerðir að starfsmönnum ökuskóla. Telja ökukennarar að þetta fyrirkomulag dragi úr gæðum ökunámsins og kalli á þá hættu að meira verði lagt upp úr fjárhagslegum ábata en faglegri og árangursríkri kennslu.

Til að ítreka minnkandi vægi ökukennara við ökukennslu er í frumvarpinu lagt til að löggilding ökukennara verði felld niður og þess í stað, sbr. 63. gr. verði ökukennurum veitt starfsleyfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Á grunvelli framangreindra athugasemda er lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

3. Breytingartillögur við frumvarpið:

62. gr.

Starfsleyfi ökuskóla og ökugerða.

Nám til ökuréttinda skal vera tvískipt, bóklegt nám og verklegt. Bóklega námið skal fara fram í ökuskóla en verklega námið skal fara fram undir handleiðslu löggilts ökukennara sbr. 63.gr. Áður en námi lýkur skal nemandi fá kennslu í ökugerði sem fengið hefur starfsleyfi til ökukennslu hjá Umferðarstofu.

Ökuskóli og ökugerði skulu m.a. uppfylla eftirtalin skilyrði til að hljóta starfsleyfi:

- a. að forstöðumaður hafi starfsleyfi sem ökukennari,
- b. að fyrir liggi staðfestar kennsluskrár fyrir það ökuréttindanám sem óskað er starfsleyfis fyrir, þ.m.t. sérstök námskeið skv. 107. gr.,
- c. að fullnægjandi aðstaða til bóklegrar og verklegrar kennslu sé til staðar, og
- d. að fyrir liggi staðfesting á starfsábyrgðartryggingu.

Fyrirkomulag náms til einstakra ökuréttinda skal sett í reglugerð.

Starfsleyfi skal bundið við einn flokk ökutækja eða fleiri.

Starfsleyfi skal veita til fimm ára í senn. Lok starfsleyfis skal miða við áramót.

63. gr.

Löggilding ökukennara.

Þeim einum skal heimilt að annast ökunám sem hafa fengið löggildingu til starfsins.

Löggildingu sem ökukennari skal þeim einum veitt sem:

- a. hefur náð 24 ára aldri,

- b. hefur a.m.k. fimm ára reynslu af akstri ökutækja í þeim flokki sem hann annast kennslu í,
- c. hefur stundað nám fyrir ökukennara í viðkomandi flokki og lokið prófum sem því námi fylgja,
- d. fullnægir kröfum um líkamlegt og andlegt hæfi sem gerðar eru til ökumanna sem annast farþegaflutninga í atvinnuskyni, og
- e. hefur ökuréttindi á öll vélknúin ökutæki.


Innanríkisráðuneytið gefur út löggildingu til ökukennara og gildir hún í fimm ár, þó ekki lengur en hlutaðeigandi hefur ökuréttindi í viðkomandi flokki.

4. Boðun á nefndarfund.

Stjórn Ökukennarafélags Íslands óskar eftir að fá að koma fyrir háttvirta samgöngunefnd og rökstyðja nánar þær breytingar sem félagið leggur til að verði gerðar á frumvarpinu.

Sent í umboði stjórnar Ökukennarafélags Íslands.

Virðingarfyllt,



Guðmundur Þorgeirsson